

Opinn skólaráðsfundur 23. maí 2023, fundur hefst kl. 17

Mættir úr skólaráði: Björg Baldursdóttir skólastjóri, Sif Garðarsdóttir og Ragnheiður Gísladóttir fulltrúar kennara, fulltrúar foreldra Helga Guðný Sigurðardóttir og Indriði Ingi Stefánsson.

1. Rekstur skólans

- Farið yfir stöðu fjármála eins og hún var í lok mars. Staðan er á pari, erum í smá plús sem kemur vegna auka fjármagns sem á eftir að ráðstafa til tengiliða v. nýrra laga um samættingar þjónustu við börn. Búið er að ráðstafa þessu fjármagni núna.

2. Skólaárið 2022 – 2023

- Húsnæðismál hafa haft áhrif á skólastarf m.a. vegna lokunar sex kennslustofa í 2,5 mánuði sem og lokunar íþróttaaðstöðu í kjallara íþróttahúss. Unnið að því að finna lausnir fyrir íþróttakennslu næsta skólaárs.
- Langtímaveikindi starfsmanna óvenju þung í vetur sem hefur haft áhrif á skólastarfið.
- Loksins hægt að bjóða foreldrum aftur upp á „spjall með stjórnendum“.
- Nýtt form á foreldraviðtölum, nemendastýrð viðtöl, tókust vel að mestu leyti
- Meðal stórra verkefna sem flestir/nær allir nemendur tóku þátt í er dagur gegn einelti, Góðgerðardagurinn, plokkað og flokka og upptaka á hljómplötu og önnur verkefni eru m.a. Skólahreysti og ljóðasamkeppni, upplestrarkeppni og tölfræðikeppni.
 - Hljómplata kóranna okkar verður boðin foreldrum til kaups þegar þar að kemur og verður það auglýst þegar nær dregur.
- Niðurstöður kannanna á líðan og námsárangri nemenda sýna að þrátt fyrir allt þá líður nemendum vel, hafa bullandi sjálfstraust, borða og hreyfa sig vel.
- Skólastjóri kveður veturinn ekki með söknuði en horfir bjartsýnn til framtíðar.

3. Niðurstöður kannanna

- Skólapúlsinn, nemenda- og foreldrakönnun, niðurstöður notaðar í innra mat.
 - Skólastjóri fer yfir helstu niðurstöður þessara tveggja kannanna.
- Nemendaráð eru á öllum stigum, en funduðu misoft eftir stigum. Þar fá nemendur tækifæri til að koma hugmyndum á framfæri til stjórnenda en jafnframt leita hugmynda og upplýsinga frá nemendum og fara með á borð stjórnenda.
- Okkar Skóli, kosning nemenda sem leiddi til að spil voru keypt fyrir alla árganga og hópa
- Starfsmannaviðtöl, viðhorfakannanir, tengslakannanir, eineltiskannanir og annars konar rafrænar kannanir
- Skýrsla um innra mat gefin út á hverju sumri og birt á heimasíðu í ágúst.

4. Drög að úrbótaáætlun

byggir á niðurstöðum kannanna

- agamál
- gera stefnu skólans aðgengilegri
- mötuneytismál
- starfsánægja starfsfólks
- áhrif foreldra á ákvarðanir sem teknar eru í skólanum varðandi barn þeirra

5. Skipulag næsta skólaárs

- Fjölgun nemenda
- Fjölgun starfsmanna
- Nýr stjórnandi, deildarstjóri stoðþjónustu
- Húsnæðismál, tvær nýjar lausar kennslustofur verða settar vestan við aðalbyggingu (á lítinn fótboltavöll).
 - Miðstig verður áfram í höllum og köstulum.
 - Yngsta stig; 1. og 4. bekkur í aðalbyggingu, 2. og 3. bekkur í höllum.
 - Elsta stig: í aðalbyggingu og nýjum lausum kennslustofum.

6. Önnur mál

- Góðgerðardagurinn, gekk glimrandi og vonum frammar. Skólinn kann foreldrafélaginu bestu þakkir fyrir þeirra aðkomu.
- Vinnustytting kennara; verður næsta skólaár í svipaðri útfærslu og sl. ár og nú eru kennarar að kjósa um útfærslu næsta skólaárs.

7. Nýr Kársnesskóli

Staðan sú að nú hefur samningi við ítölsku verktakana hefur verið rift. Samræður við undirverktaka gengur vel og skv. samtali við sviðsstjóra umhverfissviðs er allt gert til að halda tímalínunni og skólastarf hefjist í nýrri byggingu í ágúst 2024.

Fundi slitið 17:40

Fundarritari

Sigrún Valdimarsdóttir

aðstoðarskólastjóri